



Starfsemi Gaflaraleikhússins

Skýrsla fyrir Leikárið 2011 -2012

Verkefna og kostnaðaráætlun fyrir leikárið 2012-2013 (31.maí 2012 – 1.júní 2013)

Starfsemi Gaflaraleikhússins var með líflegasta móti síðasta leikár sem var fyrsta heila leikár félagsins.

Það voru bundnar nokkrar vonir við að félagið fengi styrk úr Leiklistarráði í febrúar 2012, annaðhvort tengdum þríhliða samningi eða með styrk til verkefnis en félagið fékk ekki neinn styrk árið 2011. Með þá von í brjósti var ákveðið að leggja í uppsetningu á nýju íslensku verki eftir Sævar Sigurgeirsson sem fékk heitið „Ævintýri Múnhásens“. Þetta var mögulegt með gríðarlegum velvilja aðstandenda, sjálfboðavinnu og aurum sem var safnað frá árinu áður. Verkið fékk frábærar móttökur gagnrýnenda og áhorfenda en hlaut ekki náð hjá Leiklistarráði og það olli okkur verulegum vonbrigðum. Uppsetning og sýningar á verki að þessari stærðargráðu er feykilega dýrar og stuðningur frá Leiklistarráði er eiginlega nauðsynlegur til að svona uppsetningar séu mögulegar.

Við höfum haldið áfram á síðasta leikári að að setja upp vísi að leikhúsi og héldum áfram að fjárfesta í nauðsynlegum búnaði eins og áhorfendapöllum og tækjum. Sætum hefur verið fjölgað um helming frá því árið áður og rúmar nú salurinn um 200 manns. Einnig hefur verið keyptur búnaður fyrir ljós og hljóð. Kostnaður vegna þessa nemur um tveimur og hálfri milljón. Þrátt fyrir þessar fjárfestingar er ljóst að halda verður áfram fjárfestingum í ljósa og hljóðbúnaði því að hann er alveg óheyrilega dýr í leigu og var einn stærsti kostnaðarliðurinn við uppsetningar ársins.

Á síðasta leikári, júní 2011 til maí 2012 hefur Gaflaraleikhúsið sýnt 7 verkefni, annaðhvort í eigin nafni eða í samstarfi við aðra. Leikhúsið hefur einnig verið leigt til ýmissa viðburða. Verkefni sem hafa verið í húsinu eru:

Kona Einsömul í samvinnu við Leikhópinn Frú Normu	4 sýningar	áhorfendur 210
Tristram og Ísönd í samvinnu við Leikfélagið Sýni ágúst, september	5 sýningar	áhorfendur 350
Fúsi Froskagleypir í samvinnu við Leikfélag Hafnarfjarðar október, desember	15 sýningar	áhorfendur 1430
Danssýningar í samvinnu við Listdansskóla Hafnarfjarðar í nóvember	3 sýningar	áhorfendur 330
Danssýningar í samvinnu við Listdansskóla Íslands í desember	2 sýningar	áhorfendur 240
Dagbók Önnu Knúts október – desember	8 sýningar	áhorfendur 570
Trúðabíó Gaflaraleikhússins desember 2011	3 sýningar	áhorfendur 245
Örverkahátíð Leikfélags Hafnarfjarðar febrúar	1 sýning	áhorfendur 84
Grunnskólahátíð í samvinnu við ÍTH febrúar	3 sýningar	áhorfendur 520
Áfram eða aftur á bak – Leiklistarval 10 bekkjar með Gaflaraleikhúsinu	2 sýningar	áhorfendur 285
Ævintýri Múnhásens mars-maí	19 Sýningar	áhorfendur 3240

Til viðbótar þessu var húsið leigt til ýmissa tónleika, danssýninga hjá Listaháskóla Íslands, til skólasýninga og funda hjá félagasamtökum. Þetta voru um 800 gestir. Rúmlega 8 þúsund manns heimsóttu því leikhúsið á síðasta leikári.

Námskeiðahald var einnig blómlegt á vegum leikhússins. Síðasta sumar fór af stað námskeið undir handleiðslu Bjarkar Jakobsdóttur fyrir börn og unglinga og voru þau vel sótt. Fjölbreytt námskeiðahald hefur verið í allan vetur fyrir börn á aldrinum 6-15 ára og hafa þau verið vinsæl. Trúðanámskeið var haldið fyrir fullorðna haustið 2011 og var það vel sótt.

Verkefna og kostnaðaráætlun

Leikárið 2012 -2013

Áformað var að sumarverkefni Gaflaraleikhússins á leikárinu yrði leikgerð Helga Skúlasonar og Helgu Bachmann á Njálssögu en hún er til á ensku og þýsku. Miða átti markaðssetningu verksins við erlenda ferðamenn og frumsýna það á Víkingahátíð. Því miður varð að hætta við verkefnið vegna fjárskorts. Verkefnin nú í sumar urðu þó næg því að fjöldi barna tók þátt í námskeiðum á okkar vegum í allt sumar og útskriftarnemar í leiklist og dansi munu tróðu upp á senunni hjá okkur í júní, júlí og ágúst. Áhugasamt ungt fólk í leikhópnum Óríon sýndi þrjár sýningar í leikhúsinu í byrjun september.

Ný íslensk verk verða í forgrunni á leikárinu og 15. september fengum við í heimsókn Trúðleik, gestasýningu frá Frystiklefanum á Rífi (minnsta atvinnuleikhúsi á Íslandi) og áætlaðar eru 4 sýningar. Um mánaðarmótin september/október mun Leikfélag Hafnarfjarðar frumsýna eitt vinsælasta og fyndnasta verk Eugene Ionesco, **Sköllóttu Söngkonuna**. Í október verður síðan haldið áfram sýningum á Ævintýrum Múnhásens sem hlaut einróma lof áhorfenda og gagnrýnenda síðasta vetur. Einvala hópur leikara og tónlistarmanna Gaflaraleikhússins með Gunnar Helgason í broddi fylkingar mun halda áfram að skemmta fólki á öllum aldri fram í desember.

Um miðjan október verður frumsýnt splunkunýtt íslenskt leikverk, **Blakkát**, eftir Björk Jakobsdóttur, sem skrifaði og lék í hinu geysivinsæla verki Sellófan sem hefur farið sigurför um heiminn. Hin óviðjafnanlega Edda Björgvinsdóttir leikstýrir Björk í þessu ískrandi fyndna og sársaukafulla verki. Þetta verk er samvinnuverkefni Gaflaraleikhússins og framleiðandans Þorsteins Stephensens, sem stofnaði Iceland Airwaves og hefur séð um dreifingu á verki Bjarkar Sellófan um allan heim.

Í byrjun nóvember mun svo leikhópurinn Skýjasmiðjan í samvinnu við Gaflaraleikhúsið og undir leikstjórn Ágústu Skúladóttur frumflytja nýtt verk sem heitir Hjartaspaðarnir. Þetta er verk sem er gert með grímum og fjallar um hressst og skemmtilegt fólk á elli/hjúkrunarheimili. Alveg grenjandi fyndið.

Leikhúsið mun auk leiksýninga bjóða fólki upp á skemmtileg uppistandskvöld og verður það fyrsta föstudagsdagkvöldið 21 september þegar blindi grínistinn Bergvin Oddsson – Beggi blindi - frá Akureyri mun fara á kostum ásamt einvala liði grínara.

Það er því útlit fyrir að sýndar verði fjórar leiksýningar í húsinu í október til desember og einnig verða í námskeið fyrir börn og unglinga á hverjum virkum degi. Þetta kallar á mikla útsjónarsemi. Þegar leikmyndum er pakkað saman og settar upp. Það verður því mikið fjör í Gaflaraleikhúsinu í haust.

Eftir áramót er áætlað að setja upp verkefni í leikstjórn Gunnar B. Guðmundssonar sem heitir **Malarinn sem spangólaði** eftir finnska höfundinn Arto Pasolinn og verkefnið **Goðdómlegi Gleðileikurinn - Snorra Edda á 100 mínútum** í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Þessi verkefni falla mjög vel að hugmyndafræði Gaflaraleikhússins að skapa kraftmiklar, fyndnar, harmrænar, lifandi og sjónrænar leiksýningar úr efnivið sem gefa leikhúslistafólki mikið listrænt svigrúm. Leikhópurinn úr Ævintýrum Múnhásens er svo sannarlega tilbúinn til að kanna nýjar lendur. Sótt verður um styrk til þessara verkefna úr Leiklistarráði. Styrkur frá þeim gerir síðan útslagið hvort að mögulegt verði að ráðast í þau. Umsókn um þríhliða samning verður gerð í samráði og samvinnu við bæjaryfirvöld. Einnig er í bígerð að gera sumarverkefni sem gæti hentað ferðamönnum. Leikhúsið ætlar að halda áfram að þróa sína sérstöðu í íslensku leikhúsi með uppsetningu á trúða og spunaverkum fyrir börn og fullorðna og eru verkefni Ágústu í þeim stíl.

Leikfélag Hafnarfjarðar áætlar að frumsýna nýtt verk um álfa og víkinga á vordögum 2013 og sýna fram á sumar. Gott samstarf hefur verið á milli LH og Gaflaraleikhússins um sýningarhald og aðstöðu í leikhúsinu og svo verður áfram.

Samstarf félagsins við skólaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar hefur verið afar gott og Gaflaraleikhúsið mun vera með leiklistarnámskeið fyrir hjá 8 og 9 bekkjum grunnskólanna í bænum í haust og námskeið/leiksýningu á Grunnskólahátíð í febrúar 2013 fyrir 10 bekkina. Leikhúsið verður áfram með námskeið fyrir börn frá 8-13 ára á eigin vegum í allan vetur og eins verður trúðanámskeið fyrir fullorðna í umsjón Ágústu Skúladóttur og stuttmyndanámskeið í umsjón Gunnars B. Guðmundssonar eftir áramót.

Gaflaraleikhúsið tekur nú þátt í tvemur Evrópuverkefnum sem sækjast eftir styrk úr menningarsjóði Evrópusambandsins í samvinnu við leikhús í Póllandi, Litháen, Noregi og Spáni. Annað er um samspil atvinnuleikhúsa, leiklistarfræðslu og leikstjórn áhugahópa og gerð handbókar þar. Hitt er um gagnkvæm skipti á sýningum við leikhús í Varsjá og í Litháen sem fjalla um menningu viðkomandi landa (Snorra Edda væri náttúrulega fullkomið innlegg frá okkur).

Gaflaraleikhúsið hefur fundið fyrir miklum velvilja og meðbyr á sínu fyrsta leikári frá bæjaryfirvöldum og almennum bæjarbúum. Okkur finnst miða vel áfram í þeim markmiðum okkar að gera leikhúsið að góðu samfélagsleikhúsi og hlúa að leiklistarupplifun og kennslu fyrir börn og unglinga. Auðvitað er leikhúsið fátækt af tækjum og tólum og litlir sem engir peningar til framleiðslu á leikverkum en það eru örugglega bjartari tímar framundan þannig að úr því rætist vonandi fljótlega. Okkar aðalmarkmið er og verður að gera skemmtilegt og skapandi leikhús fyrir hafnfirðinga og nærsveitamenn og því starfi höldum við áfram.

Fyrir hönd stjórnar Gaflaraleikhússins

Lárus Vilhjálmsson

	Gaflaraleikhúsið	Leikár		
	Fjárhagsáætlun	2012-2013		
Verkefni		Uppsetninga og sýningakostnaður	Styrkur frá Leiklistaráði	Miðasala
Ævintýri Múnhásens	frá síðasta leikári	1.200.000		1.800.000
Malarinn sem spangólaði	nýtt íslenskt verk 2013 - 20 sýning	16.700.000	7.500.000	9.000.000
Snorra Edda á 100 mínútun	nýtt íslenskt verk 2013 -20 sýning	17.800.000	8.600.000	9.700.000
		35.700.000	16.100.000	20.500.000
Samvinnuverkefni		Gjöld	Tekjur	Afkoma
Hringrás	samvinnuverkefni-Úndula dansfl	50.835	62.000	11.165
Brad Heimur	samvinnuverkefni-útskriftarsýning	50.835	32.000	- 18.835
Dans Dúettar	samvinnuverkefni-Inga Huld Háka	50.835	36.000	- 14.835
Blakkát	samvinnuverkefni - Mógúllinn	750.000	900.000	150.000
Hjartaspaðarnir	samvinnuverkefni-Frú Norma	750.000	900.000	150.000
Önnur verkefni	Dans og leikverkefni vorið 2013	254.175	310.000	55.825
		1.906.680	2.240.000	333.320
Námskeið		Gjöld	Tekjur	Afkoma
Námskeið 8-13 ára barna	Sumar, haust og vetur 80 börn	1.800.000	2.000.000	200.000
Námskeið 8-9 bekkjar	frá október til desember 60 börn	1.080.000	1.200.000	120.000
Námskeið 10 bekkur	nóvember til febrúar 20 börn	400.000	400.000	-
		3.280.000	3.600.000	320.000

Rekstur Leikhúss		
Launakostnaður	Framkvæmdstjóri 12 mánuðir	3.480.000
	Tækni maður 12 mánuðir	1.140.000
Rekstrarkostnaður	Þrif, laun og hreinlætisvörur	654.000
	Sími og Internet	144.000
	Öryggisvarsla	149.400
	Sorp	64.800
	Rekstravörur skrifstofa blek/pap	52.800
	Bifreiðakostnaður	62.400
	Viðhald á tækjum og búnaði	57.600
Samtals rekstrarkostnaður		5.805.000

Veitingasala gjöld		
	Kaup á vörum	528.000
	Launakostnaður	264.000
	Leiga á posum	76.800
	Annar kostnaður	16.800
	Virðisaukskattur	64.500
	Samtals	950.100

Samtals Gjöld	Verkefni	35.700.000
	Samvinnuverkefni	1.906.680
	Námskeið	3.280.000
	Rekstur Leikhúss	5.805.000
	Veitingasala	950.100
	Samtals	47.641.780
Samtals Tekjur		
	Styrkur Hafnarfjarðarbær	5.000.000
	Styrkur Leiklistarráð	16.100.000
	Tekjur Verkefni	20.500.000
	Tekjur Samvinnuverkefni	2.240.000
	Námskeiðsgjöld	3.600.000
	Veitingasala	1.104.000
	Samtals	48.544.000
	Afkoma ársins	902.220

